

## LÖG VERKALÝÐSFÉLAGS VESTFIRÐINGA - VERK VEST

1. KAFLI NAFN FÉLAGSINS OG HLUTVERK.....	2
1. grein. Nafn félagsins og félagssvæði.....	2
2. grein. Heimili, varnarþing og aðild .....	2
3. grein. Gildi og tilgangur félagsins.....	2
4. grein. Skipting deilda og hlutverk .....	3
5. grein. Starfssvið.....	3
2. KAFLI INNGANGA Í FÉLAGIÐ, FÉLAGSAÐILD OG ÚRSÖGN.....	4
6. grein Réttur til inngöngu .....	4
7. grein. Innganga í félagið.....	4
8. grein. Aukafélagar/ Aukaaðild .....	4
9. grein. Úrsögn.....	4
3. KAFLI RÉTTINDI OG SKYLDUR FÉLAGSMANNA .....	5
10. grein. Réttindi fullgildra félagsmanna.....	5
11. grein. Skyldur félagsmanna.....	5
12. grein. Félagsskírteini .....	5
13. grein. Viðurlög við brotum.....	5
4. KAFLI IÐGJÖLD .....	6
14. grein. Iðgjöld .....	6
5. KAFLI SKIPAN EMBÆTTA, ÁBYRGÐ OG HLUTVERK.....	6
15. grein. Stjórn félagsins.....	6
16. grein. Trúnaðarráð .....	7
17. grein. Samninganefnd.....	7
18. grein. Kjörnefnd .....	7
19. grein. Kosningar og allsherjaratkvæðagreiðsla .....	8
20. grein. Kjörstjórn .....	8
21. grein. Starfs- og siðareglur .....	8
22. grein. Launanefnd.....	9
23. grein. Fulltrúar á þingum.....	9
6. KAFLI AÐAL- OG FÉLAGSFUNDIR .....	9
24. grein. Aðalfundur .....	9
25. grein. Félagsfundir.....	9
7. KAFLI FJÁRMÁL.....	10
26. grein. Sjóðir félagsins.....	10
27. grein. Félagssjóður .....	10
28. grein. Sjúkrasjóður .....	10
29. grein. Orlofssjóður.....	10
30. grein. Fræðslu- og styrktarsjóður .....	10
31. grein. Vinnudeilusjóður.....	11
32. grein. Ársreikningur .....	11
33. grein. Skoðunarmenn reikninga og endurskoðandi .....	11
8. KAFLI ÖNNUR ÁKVÆÐI.....	11
34. grein. Breytingar á lögum þessum.....	11
35. grein. Félagsslit .....	11

## 1. KAFLI NAFN FÉLAGSINS OG HLUTVERK

### 1. grein. Nafn félagsins og félagssvæði

Félagið heitir Verkalýðsfélag Vestfirðinga, -skammstafað Verk-Vest. Verkalýðsfélag Vestfirðinga samanstendur af eftirtöldum verkalýðsfélögum á Vestfjörðum: Vlf. Baldri, Verslunarmannafélagi Ísafjarðar, Sjómannafélagi Ísfirðinga, Sveinafélagi byggingamanna, Vlf. Skildi Flateyri, Vlf. Síganda Suðureyri, Vlf. Brynju Þingeyri, Vlf. Vörn Bíldudal, Vlf. Tálknafjarðar, Vlf. Patreksfjarðar, Vlf. Gretti Reykhólum, Vlf. Kaldraneshrepps Drangnesi, Vlf. Hólmavíkur og Vlf. Álftfirðinga Súðavík sem áður voru aðildarfélög Alþýðusambands Vestfjarða..

Stjórn félagsins er heimilt að veita viðtöku öðrum stéttarfélögum sem kunna að ganga til liðs við félagið enda sé það samþykkt á aðalfundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Félagssvæðið er Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Reykhólahreppur, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Hólmavíkurhreppur, Kaldraneshreppur, Árneshreppur, Broddaneshreppur og Bolungarvíkurkaupstaður vegna verslunar- og iðnaðarmanna.

### 2. grein. Heimili, varnarþing og aðild

Heimili félagsins og aðalskrifstofa er Hafnarstræti 9, 400 Ísafirði og er varnarþing félagsins á Ísafirði. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Íslands, svo og sérsamböndum sem við á og eru í Alþýðusambandi Íslands. Einnig getur félagið sótt um og gerst aðili að öðrum landssamböndum ef það er talið eiga við vegna starfsgreina.

### 3. grein. Gildi og tilgangur félagsins

Gildi félagsins eru heiðarleiki, réttlæti og trúnaður sem byggir á baráttu fyrir bættum kjörum félagsmanna.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga er virkt afl á vinnumarkaði. Tilgangur félagsins er að verja, efla og styrkja réttindabaráttu launafólks ásamt því að bæta hag og menntun á því svæði sem félagið nær yfir með því meðal annars:

- a) Að sameina innan sinna vébanda allt það launafólk, er vinnur á starfssvæði félagsins við þau störf sem kjarasamningar félagsins ná til, sbr. 5. gr.
- b) Að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, svo sem með því að semja um kaup og kjör þeirra og aðbúnað á vinnustað og gæta þess að ekki sé gengið á rétt þeirra.
- c) Að standa vörð um réttindi og hagsmuni félagsmanna í atvinnumálum.
- d) Að stuðla að því að félagsmenn geti notið orlofs og annarra frístunda sem best til hvíldar og menningarauka.
- e) Að efla þekkingu félagsmanna og trúnaðarmanna félagsins á réttindamálum á vinnumarkaði og upplýsa þá um réttindi þeirra og skyldur.
- f) Að vinna að hverskonar fræðslu- og menningarmálum sem beint eða óbeint geta komið félagsmönnum til góða.
- g) Að standa vörð um hagsmuni félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og löggjafarvaldi.
- h) Að vinna að bættri félagsmálalöggjöf og framgangi þeirra mála sem verða mega til þess að auka réttindi og bæta kjör alþýðu manna um land allt.
- i) Að hafa vinsamlegt samstarf við önnur stéttarfélög, landssambönd og Alþýðusamband Íslands.

#### 4. grein. Skipting deilda og hlutverk

Innan Verk Vest starfa eftirtaldar starfsgreinadeildir þar sem hópar launafólks er hafa sérstöðu um fagleg málefni og kaup og kjör eiga samleið:

1. Matvæla- og þjónustudeild SGS.
2. Opinber deild SGS.
3. Verslunar- og skrifstofudeild.
4. Sjómannadeild.
5. Iðnaðardeild.

Deildirnar kjósa sér stjórn sem í skulu eiga sæti þrír aðalmenn og tveir til vara. Félagsdeildir skulu hafa með höndum sérmál sinnar deildar.

Formanni félagsins er heimilt að úthluta verkefnum til starfsgreinadeilda og getur kallað formenn deilda til verkefna þegar hann telur þörf á.

Stjórn félagsins hefur yfirumsjón með starfsemi deilda og fjármálum þeirra. Kostnaður af starfsemi deilda greiðist úr félagssjóði, skv. samþykkttri fjárhagsásætlun en allar fjárskuldbindingar verða áður að hljóta samþykki félagsstjórnar.

Trúnaðarráð tekur ákvörðun um myndun eða fækkun/fjölgun starfsgreinadeilda og hvernig félagsmenn raðast í deildir. Nánar skal kveðið á um starfsemi deilda í reglugerðum deilda sem skulu hljóta samþykki meirihluta greiddra atkvæða á aðalfundi félagsins.

#### 5. grein. Starfsvið

Félagið kappkostar að standa vörð um hagsmunamál allra þeirra sem búsettir eru á félagssvæðinu og starfa við einhverja eftirtalinna starfsgreina eða öðrum hliðstæðum sem til staðar eru eða skapast kunna og samningar félagsins ná til. Þetta á við um svo sem:

- 1) Allt launafólk sem vinnur að/við/sem:
  - a) hvers konar vinnslu sjávarafurða og fiskeldi,
  - b) almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum, alidýrarækt og ræktun hverskonar,
  - c) slátrun, afurðastöðvar og mjölvinnslu hvers konar,
  - d) sjúkrahús, heilsuhæli, dvalarheimili og aðrar hliðstæðar stofnanir, svo sem heimilisaðstoð, liðveitendur, persónuleg þjónusta við fatlaða einstaklinga og önnur aðstoð við aldraða og fatlaða,
  - e) veitinga- og gistihús og hverskonar ferðaþjónustu,
  - f) ræstingar, þrif, hreingerningar og sorphreinsun,
  - g) fjarvinnslu, skráningu og hliðstæð störf,
  - h) varðstörf, öryggisvörslu, fjármunaflutninga, dyraverði, næturverði og vaktmenn,
  - i) matsveina, matartækna, matráða og starfsfólk í mótuneytum svo og ráðskonur og matráða á bændabýlum,
  - j) lestun og losun skipa og hverskonar annarra flutningatækja, svo og móttöku og frágang farma,
  - k) olíu-, ryðvarnar-, bón-, smur- og bensinstöðvar,
  - l) dekkja-, bifreiða-, járn-og vélaverkstæði,
  - m) orkufrekan iðnað, jarðgangagerð, virkjanir og aðrar sambærilegar stórframkvæmdir,
  - n) hafnargerð, vegagerð, skurðgröft, flutninga og efnisflutninga hvers konar,
  - o) aðstoðarmenn fagmanna í iðnaði, í byggingariðnaði, þar með talið það starfsfólk sem vinnur að húsbyggingum og efnisflutningum í sambandi við húsbyggingar, svo og aðstoðarmenn fagmanna í járníðnaði, skipasmíði, blikksmíði og öðrum þungaiðnaði,
  - p) bifreiða- og tækjastjórnendur sem stjórna hvers konar tækjum í eigu annarra,
  - q) hvers konar iðnframleiðslu,
  - r) vélstjórar í frystihúsum og verksmiðjum,
  - s) beitningu og uppstokkun í landi svo og nóta-, neta-, og veiðarfæragerð hverskonar.

- 2) Allt það launafólk er starfar í þjónustu ríkisins eða sveitarfélaga og samningar félagsins ná til.
- 3) Verslunar- og skrifstofufólk.
- 4) Sjómenn (skipstjórnarmenn, háseta, matsveina og vélstjóra).
- 5) Faglærðir iðnarmenn skv. kjarasamningi Samiðnar.

## 2. KAFLI INNGANGA Í FÉLAGIÐ, FÉLAGSAÐILD OG ÚRSÖGN

### 6. grein Réttur til inngöngu

Rétt til inngöngu í félagið hefur allt launafólk sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- a) Eru starfandi í einhverri þeirri starfsgrein sem kjarasamningar félagsins ná til.
- b) Eru fullra 16 ára að aldri.
- c) Standa ekki í óbættum sökum við félagið eða önnur stéttarfélög innan A.S.Í. sem viðkomandi hefur verið félagi í.

### 7. grein. Innganga í félagið

Allir þeir sem uppfylla ákvæði 6. gr. og greiða til félagsins eiga þess kost að óska eftir inngöngu í félagið.

Sá sem óskar inngöngu í félagið skal senda skrifstofu þess skriflega inntökubeiðni. Telji starfsmenn félagsins hann uppfylla skilyrði í 6. gr. er þeim heimilt að afhenda honum félagsskírteini. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs og úrskurði þess til miðstjórnar ASÍ.

Hafi launamaður ekki sótt um félagsaðild, en greitt iðgjald í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins á hverjum tíma, skal félagið innan 6 mánaða eftir að iðgjaldi var fyrst skilað senda viðkomandi tilkynningu um greiðslur og kanna hvort hann óskar inngöngu í félagið. Geri launamaður ekki athugasemdir við aðild innan 14 virkra daga frá dagsetningu tilkynningar telst hann orðinn félagsmaður. Kjósi launamaður að hafna félagsaðild telst hann aukafélagi skv. 8. gr. og ekki til fullgildra félagsmanna og nýtur ekki atkvæðisréttar né kjörgengis sbr. 10. gr.

Komi í ljós að launamaður hafi verið tekinn inn í félagið en hafi ekki átt rétt til inngöngu í það, eða veitt villandi upplýsingar, missir hann þegar í stað öll félagsréttindi og verður ekki tekinn í félagið að nýju fyrr en úr er bætt að fullu.

### 8. grein. Aukafélagar/ Aukaaðild

Þeir sem greiða iðgjald til félagsins, en óska eftir að ganga ekki í félagið, teljast aukafélagar. Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast fullgildir félagsmenn, gilda ákvæði, laga, kjarasamninga og samþykka félagsins á hverjum tíma. Aukafélagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins og þeirra félagssambanda sem það er aðili að. Að öðru leyti eru skyldur félagsins gagnvart aukafélögum hinar sömu og gagnvart fullgildum félögum. Samninganefnd getur ákveðið við afgreiðslu einstakra mála, í tengslum við kjarasamninga, að aukafélagar hafi atkvæðisrétt.

Heimilt er að taka í félagið sem aukafélaga launafólk sem er félagar í öðru stéttarfélagi, en vinnur um stundarsakir á félagssvæðinu í einhverri þeirri starfsgrein sem félagið hefur samningsrétt fyrir.

### 9. grein. Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og skal gerð grein fyrir ástæðu hennar. Hún skal afhent skrifstofu ásamt félagsskírteini viðkomandi.

Enginn getur sagt sig úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst, eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu eða trúnaðarráði, og þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst.

Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmanna í öðru félagi innan ASÍ, er lagt hafa niður vinnu vegna kjaradeilu.

### 3. KAFLI RÉTTINDI OG SKYLDUR FÉLAGSMANNA

#### 10. grein. Réttindi fullgildra félagsmanna

Réttindi fullgildra félagsmanna eru eftirfarandi:

- a) Málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur á félagsfundum.
- b) Kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins og þeirra félagasambanda sem það er aðili að.
- c) Réttur til styrkja úr sjóðum félagsins, sem nánar er ákveðið í reglugerðum þeirra.
- d) Réttur til að vinna við þau störf sem kjarasamningar félagsins taka til og eftir þeim kjörum sem samningarnir ákveða hverju sinni.
- e) Réttur til afnota af orlofshúsum félagsins og öðrum sameiginlegum eignum eftir því sem reglugerðir og samþykktir félagsins kveða á um.
- f) Réttur til að sækja námskeið / fræðslustarf á vegum félagsins, eða samtaka sem það er aðili að.
- g) Réttur til aðstoðar vegna vanefnda atvinnurekenda á kjarasamningum.
- h) Réttur til annarrar þjónustu sem félagið getur veitt varðandi atvinnu- og réttindamál.

Félagsmenn halda félagsréttindum á meðan þeir gegna trúnaðarstörfum hjá félaginu.

#### 11. grein. Skyldur félagsmanna

Skyldur félagsmanna eru þessar:

- a) Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og samningum í öllum greinum og stuðla að því að aðrir geri það.
- b) Að greiða félagsgjöld samkvæmt samþykktum félagsins.
- c) Að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið, nema einhver sú ástæða hamli sem félagsfundur tekur gilda. Enginn getur, nema hann beri fram afsökun sem félagsfundur tekur gilda, skorast undan að taka kosningu í stjórn eða útnefningu til annarra starfa í þágu félagsins. Þó getur starfandi stjórnarmaður sem verið hefur samfelt 3 ár eða lengur í stjórn félagsins, skorast undan stjórnarstörfum í jafnlangan tíma. Sama gildir um önnur trúnaðarstörf fyrir félagið.
- d) Að stuðla að því að félagsmenn virði kjarasamninga félagsins.
- e) Að stuðla að því að ófélagsbundnir einstaklingar sem eiga rétt til inngöngu í félagið gerist félagsmenn.

Um ábyrgð og skyldur félagsmanna sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið er fjallað í 1. – 2. gr. starfs- og siðareglna félagsins, um hæfi sjá 20. – 21. gr. og um þagnar- og trúnaðarskyldu 18. -19. gr.

#### 12. grein. Félagsskírteini

Fullgildum félagsmönnum er skylt að eiga félagsskírteini, enda félagsstjórn skylt að láta þau í té. Við inngöngu á félagsfundi ber félagsmönnum að sýna skírteinið ef formaður og/eða fundarstjóri krefjast þess.

#### 13. grein. Viðurlög við brotum

Ef félagsmaður er sakaður um brot á lögum, reglum eða reglugerðum félagsins skal málið tekið fyrir á stjórnarfundi sem ákveður hvort veita skuli áminningu eða víkja félagsmanni úr félaginu með einföldum meirihluta atkvæða. Hægt er að vísa úr félaginu í lengri eða skemmri tíma, hverjum þeim

sem að álitum stjórnarfundar hefur unnið gegn hagsmunum félagsins, bakað því tjón eða gert því eitthvað til vansa, svo og hverjum þeim sem ekki hlýðir lögum þess eftir gefna áminningu frá félagsstjórn. Úrskurði stjórnar um áminningu eða brottvísun félagsmanns má vísa til félagsfundar, en úrskurður stjórnar gildir þar til félagsfundur hefur ákveðið annað.

Úrskurði félagsfundar um áminningu eða brottvísun félagsmanns má vísa til framkvæmdastjórnar viðkomandi sérsambands og/eða miðstjórnar A.S.Í., en úrskurður félagsfundar gildir þar til framkvæmdastjórn sérsambands eða miðstjórn A.S.Í. hefur úrskurðað annað.

Hafi félagsmanni verið vikið úr félaginu á hann ekki afturkvæmt í félagið nema inntökubeiðni hans sé samþykkt á lögætum fundi trúnaðarráðs eða félagsfundi. Um viðurlög við brotum sjá nánar 30. -31. gr. starfs- og siðareglna félagsins.

## 4. KAFLI IÐGJÖLD

### 14. grein. Iðgjöld

Iðgjöld eru ákveðin af aðalfundi og skulu þau innheimt sem ákveðinn hundradshluti af launum. Upphæð lágmarks iðgjalds skal ákveða á aðalfundi, enda liggi fyrir tillaga um það. Stjórn félagsins setur reglur um innheimtu iðgjalda. Þeim skal breytt á fundi stjórnar og dugir einfaldur meirihluti atkvæða.

Til að öðlast kosningarétt og kjörgengi sbr. gr. 10 þarf greitt iðgjald að ná lágmarksupphæð.

- a) Heimilt er að geyma réttindi félagsmanns hjá félaginu í allt að 24 mánuði þrátt fyrir að félagsgjöldum sé ekki skilað. Réttindi virkjust þegar félagsmaður hefur aftur störf á samningssviði félagsins. Þetta á við þegar gildar ástæður eru orsök þess að félagsmaður hefur ekki unnið á starfssvæði félagsins s.s. tímabundin störf utan félagssvæðis langvarandi veikindi, skólaganga, barnsburðarleyfi, eða aðrar gildar ástæður. .
- b) Á meðan atvinnulaus félagsmaður greiðir iðgjöld af atvinnuleysisbótum sínum heldur hann fullum félagsréttindum.
- c) Félagmaður sem jafnframt er í námi getur safnað félagsréttindum með greiðslu iðgjalda á meðan nám varir þó ekki sé um samfellda iðgjaldasögu að ræða. Þannig má telja saman iðgjaldamánuði til réttindaávinnslu.

Félagmaður sem skuldar lögboðin gjöld til félagsins fyrir 6 mánuði eða meira en vinnur á félagssvæði félagsins skv. kjarasamningi þess nýtur ekki fullra félagsréttinda skv. 10. gr. s.s. atkvæðisréttar, kjörgengis, né styrkja úr sjóðum félagsins enda er hann sjálfur ábyrgur fyrir að skila gjaldinu s.s. verktakar og sjálfstæðir atvinnurekendur. Félagaréttindi öðlast hann ekki á ný fyrr en skuldin er að fullu greidd.

Þrátt fyrir framanskráðar reglur skulu þeir sem orðnir eru 67 ára að aldri og hafa verið félagsmenn eigi skemur en 5 ár og lokið starfsævinni hjá félaginu hvort heldur er vegna aldurs eða örorku, halda réttindum sem aukafélagar sbr. 8. gr. þótt þeir hverfi af vinnumarkaði, enda hafi þeir ekki gengið í önnur verkalýðsfélög.

## 5. KAFLI SKIPAN EMBÆTTA, ÁBYRGÐ OG HLUTVERK

### 15. grein. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda. Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á eignum félagsins, varðveislu þeirra og viðhaldi, sbr. 3. grein starfs- og siðareglna félagsins um ábyrgð stjórnar. Skyld er stjórn félagsins að stuðla að því að allt er varðar sögu félagsins sé sem best varðveitt.



Stjórn félagsins skipa fjórir aðalmenn: Formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri, ásamt fjórum varamönnum sem taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra. Ennfremur formenn starfsgreinadeilda. Í forföllum deildarformanns tekur varaformaður deildar sæti hans. Varaformaður deildar tekur sæti í stjórn taki formaður deildar sæti sem aðalmaður í stjórn félagsins. Segi varamaður í stjórn sæti sínu lausu skal stjórn kjósa nýja varamann úr röðum trúnaðarráðs. Varamenn skulu boðaðir á fundi stjórnar, taki varamenn reglulega þátt í störfum stjórnar fer um réttindi og skyldur þeirra með sama hætti og aðalmanna. Sjá 6. gr. starfs- og siðareglna um ábyrgð og hlutverk formanns, gr. 3.6., 17.1., 23.3. og 24.1 um hlutverk og ábyrgð gjaldkera og gr. 3.8. og 15.2. um hlutverk og ábyrgð ritara.

Í starfs- og siðareglum félagsins er fjallað nánar um ábyrgð, skyldur og verkefni stjórnar, þ.á.m. boðun funda og dagskrá (4.gr.), meðferð mála og ákvarðanir (5. gr), hæfi og trúnaðarskyldu (18.-21. gr.).

### **16. grein. Trúnaðarráð**

Innan félagsins skal starfa trúnaðarráð sem í eiga sæti allir aðalmenn í félagsstjórn, varamenn þeirra, deildarformenn og ennfremur 17 félagsmenn sem eru sérstaklega kosnir til setu í ráðinu. Leitast skal við að sem flestir trúnaðarmenn félagsins sitji í trúnaðarráði.

Formaður félagsins er formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

Í starfs- og siðareglum félagsins er fjallað nánar um ábyrgð, skyldur og verkefni trúnaðarráðs, þ.á.m. boðun funda og dagskrá, meðferð mála og ákvarðanir, hæfi og trúnaðarskyldu, sbr. 10. grein starfs- og siðareglna félagsins.

### **17. grein. Samninganefnd**

Trúnaðarráð gegnir störfum samninganefndar félagsins. Hlutverk samninganefndar er að annast kjarasamningagerð fyrir hönd félagsins. Formaður félagsins skal vera formaður samninganefndar og varaformaður í forföllum hans.

Samninganefnd ákveður þann fjölda nefndarmanna sem hún kveður til samningaviðræðna hverju sinni og er heimilt að skipta með sér verkum eftir samningssviðum.

### **18. grein. Kjörnefnd**

Í október annað hvert ár skal á fundi í trúnaðarráði kjósa kjörnefnd fyrir félagið og ræður einfaldur meirihluti niðurstöðu. Stjórn félagsins er heimilt að leggja fram tillögu um nefndarmenn til trúnaðarráðs.

Kjörnefnd skal skipuð sex aðalmönnum og þremur varamönnum.

Hlutverk kjörnefndar er að gera tillögur um féлага í allar trúnaðarstöður félagsins fyrir næstu tvö ár á eftir. Þær eru:

- a) Formaður.
- b) Varaformaður.
- c) Gjaldkeri.
- d) Ritari.
- e) Fjórir varamenn stjórnar.
- f) Trúnaðarráð.
- g) Launanefnd.
- h) Stjórnir, Orlofssjóðs, Vinnudeilusjóðs, og Fræðslu- og styrktarsjóðs.
- i) Skoðunarmenn reikninga og varamenn þeirra.

Kjörnefnd skal hafa lokið störfum í síðasta lagi 15. desember og afhendir þá stjórn félagsins tillögur sínar. Um hlutverk kjörnefndar sjá 11. gr. starfs- og siðareglna.

### **19. grein. Kosningar og allsherjaratkvæðagreiðsla**

Fyrir 15. janúar annað hvert ár skal stjórn félagsins halda trúnaðarráðsfund, þar sem tillögur kjörnefndar um fulltrúa í trúnaðarstöður til næstu tveggja ára skulu kynntar og síðan bornar undir trúnaðarráð til afgreiðslu. Skal hver staða á lista kjörnefndar borin upp sérstaklega og skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg ef breytingartillaga eða tillögur koma fram um lista kjörnefndar. Að lokinni tilnefningu trúnaðarráðs auglýsir stjórn félagsins hverjir skipi listann sem ætíð skal vera A-listi. Listanum skulu fylgja meðmæli 25 fullgildra félagsmanna.

Frá því að listi trúnaðarráðs er auglýstur hafa félagsmenn 14 sólarhringa frest til að bera fram aðra lista eða tillögur um einstök stjórnarsæti sem kjósa skal um. Hver sá listi eða tillaga er fullgild sem fram kemur innan þess tíma og hefur skriflegt samþykki allra þeirra sem boðnir eru fram og meðmæli 25 fullgildra félagsmanna. Listar skulu afhentir kjörstjórn.

Komi fram aðrir listar eða tillögur um einstök stjórnarsæti skal kosning fjögurra stjórnarmanna, varamanna þeirra, trúnaðarráðs, skoðunarmanna og varaskoðunarmanna, launanefndar, stjórna Orlofssjóðs, Vinnudeilusjóð og Fræðslu- og styrktarsjóðs fara fram að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu. Skal þess gætt að haga atkvæðagreiðslu svo, að félagsmenn njóti sem jafnastrar aðstöðu til að neyta atkvæðisréttar sins án tillits til búsetu.

Allsherjaratkvæðagreiðsla skal fara fram eigi síðar en í byrjun mars. Allsherjaratkvæðagreiðsla skal fara fram í samræmi við reglugerð A.S.Í. um slíkar atkvæðagreiðslur.

### **20. grein. Kjörstjórn**

Við skyldubundna allsherjaratkvæðagreiðslu, skv. 1. gr. reglugerðar ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ, skal kjörstjórn skipuð þremur mönnum. Félagisstjórn og trúnaðarráð tilnefni tve menn en miðstjórn ASÍ skipar þann þriðja og er hann formaður kjörstjórnar. Jafnmargir skulu tilnefndir til vara á sama hátt.

Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu vegna stjórnarkjörs svo og atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og aðrar allsherjaratkvæðagreiðslur skv. lögum félagsins. Hún skal í öllu fara eftir reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur. Þegar allsherjaratkvæðagreiðsla er viðhöfð eru úrslit hennar endanleg afgreiðsla félagsins á því máli sem kosið var um.

Kjörtímabil er tvö ár.

### **21. grein. Starfs- og siðareglur**

Félagið setur sér starfs- og siðareglur vegna aðkomu fulltrúa félagsins að málum félagsmanna og félagsins sjálfs. Í starfs- og siðareglum skal fjalla nánar um ábyrgð, skyldur og verkefni aðalfundar, trúnaðarráðs, stjórnar, félagsfunda, stjórnarfunda og annarra þeirra fulltrúa er taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið þ.á.m. boðun funda og dagskrá, meðferð mála og ákvarðanir, hæfi fulltrúa og trúnaðarskyldu. Einnig skal fjalla nánar um rekstur skrifstofu, ráðningu starfsmanna, ársreikning félagsins, eftirlit og fjárhagsáætlun.

Eingöngu er hægt að breyta starfs- og siðareglum á aðalfundi félagsins og ræður einfaldur meirihluti afgreiðslu.

Stjórn félagsins setur einnig reglur um ferðakostnað, risnu og gjafir. Þeim skal breytt á aðalfundi með sama hætti og starfs- og siðareglum félagsins.



## **22. grein. Launanefnd**

Aðalfundur kýs þriggja manna launanefnd til tveggja ára að fenginni tillögu kjörnefndar. Launanefnd fer með ákvarðanir um laun og starfskjör formanns og annarra stjórnarmanna. Nefndin skal jafnframt leggja til við stjórn almenna starfskjarastefnu félagsins vegna trúnaðarstarfa félagslega kjörinna fulltrúa.

## **23. grein. Fulltrúar á þingum**

Félagsstjórn kýs fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands og landsambanda.

# **6. KAFLI AÐAL- OG FÉLAGSFUNDIR**

## **24. grein. Aðalfundur**

Aðalfundur er æðsta vald í félagslegum og fjárhagslegum málefnum félagsins. Aðalfundur félagsins skal haldinn í apríl eða maí ár hvert. Hann skal boðaður með dagskrá með minnst 7 daga fyrirvara og er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum félagsins skulu berast stjórn eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund, Um boðun og framkvæmd aðalfundar sjá nánar 9. gr. starfs- og siðareglna félagsins.

Eftirtalin mál skal taka fyrir á aðalfundi:

- 1) Skýrslur stjórna, sjóða og starfsgreinadeilda fyrir liðið starfsár.
- 2) Endurskoðaðir reikningar félagsins og sjóða lagðir fram til afgreiðslu.
- 3) Lýst kjöri stjórnar, varamanna í stjórn, trúnaðarráðs, sjóðsstjórna og skoðunarmanna .
- 4) Laga- og reglugerðarbreytingar ef tillögur þar um liggja fyrir.
- 5) Breytingar á starfs- og siðareglum stjórnar og reglum um ferðakostnað risnu og gjafir ef tillögur þar um liggja fyrir.
- 6) Ákvörðun iðgjalds og hlutfall þess í Vinnudeilusjóð.
- 7) Kosning framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs að fengnum tillögum frá stjórn félagsins annað hvert ár.
- 8) Kosning launanefndar annað hvert ár.
- 9) Kosning endurskoðanda félagsins annað hvert ár.
- 10) Afgreiðsla tillögu launanefndar um laun stjórnar og trúnaðarstörf á vegum félagsins.
- 11) Önnur mál.

Ákvarðanir aðalfundar er bindandi þegar einfaldur meirihluti mættra félagsmanna hefur samþykkt þær nema annað sé sérstaklega áskilið í lögum félagsins eða reglugerðum. Um breytingar á lögum þessum fer samkvæmt 34. grein.

## **25. grein. Félagsfundir**

Félagsfundir fara með æðsta vald í félagslegum málefnum félagsins á milli aðalfunda. Félagsfundir skulu haldnir þegar félagsstjórn álitur þess þörf eða minnst 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Fundur er löglegur ef löglega er til hans boðað samkvæmt starfsreglum félagsins. Fundum skal stjórnað í samræmi við starfsreglur stjórnar og almennar fundarreglur, sbr. 14. gr. starfs- og siðareglna félagsins.

Óski félagsmaður eftir skriflegri atkvæðagreiðslu á félagsfundi er fundarstjóra skylt að verða við því. Um hlutverk, boðun og ákvarðanahæfi félagsfundar sjá nánar 12. – 14. gr. starfs- og siðareglna félagsins.

## 7. KAFLI FJÁRMÁL

### 26. grein. Sjóðir félagsins

Sjóðir félagsins skulu vera þessir: Félagssjóður, Sjúkrasjóður, Orlofssjóður, Vinnudeilusjóður og Fræðslu- og styrktarsjóður, svo og aðrir þeir sjóðir er stofnaðir kunna að verða með aðalfundarsamþykkt. Stjórn félagsins annast vörslu og ávöxtun sjóða félagsins og ber ábyrgð á þeim.

Allir sjóðir félagsins, aðrir en félagssjóður, skulu hafa sérstaka reglugerð, samþykkt á aðalfundi. Breytingar á reglugerðum skulu bornar upp af félagsstjórn til samþykktar á aðalfundi félagsins, og taka gildi hljóti þær samþykki einfalds meirihluta fundarmanna. Slíkrar tillögu skal getið í fundarboði. Reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, tekjur, hvernig verja skal fé hans, skipan og ábyrgð sjóðstjórnar og hvernig honum skuli stjórnað.

Sjóðsstjórnir eru ábyrgar gagnvart stjórn félagsins. Ársreikningar sjóða skulu tilbúnir eigi síðar en í marslok ár hvert og skal stjórn félagsins leggja þá fyrir aðalfund félagsins ár hvert.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir á tryggan hátt í ríkisskuldabréfum, í ríkistryggðum skuldabréfum í bönkum eða í sparisjóðum, í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign eða á annan hátt er stjórn félagsins/sjóðsins metur tryggan og sem samræmist reglum ASÍ þar að lútandi. Ávallt skal þess gætt að fé sjóða sé haldið aðgreindu og að ráðstöfun á fé sjóðs brjóti ekki í bága við tilgang hans og verkefni.

### 27. grein. Félagssjóður

Félagssjóður greiðir allan almennan kostnað af starfsemi félagsins, svo sem því sameiginlega starfi sem unnið er og þeim kostnaði sem félagið ber af aðild að landsamböndum eða heildarsamtökum launafólks.

Að öðru leyti skal hver sjóður standa straum af sínum kostnaði, samkvæmt reglugerð viðkomandi sjóðs. Um fjármál félagsins fer skv. lögum og viðmiðunarreglum ASÍ.

### 28. grein. Sjúkrasjóður

Sjúkrasjóður er samtryggingarsjóður þeirra sem greitt er af sjúkrasjóðsiðgjald. Meginhlutverk sjóðsins er að greiða sjóðfélögum launatap vegna veikinda eða slysa eftir að greiðslum samkvæmt kjarasamningi lýkur. Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs getur lagt fram tillögur að breytingum á reglugerð sjóðsins fyrir stjórn félagsins.

### 29. grein. Orlofssjóður

Orlofssjóði er ætlað að stuðla að töku orlofs þeirra sem greitt er af orlofssjóðsiðgjald. Orlofssjóður getur þannig staðið fyrir uppbyggingu og rekstri orlofshúsa til endurleigu eða styrkt sjóðfélaga á annan hátt til töku orlofs. Stjórn Orlofssjóðs getur lagt fram tillögur að breytingum á reglugerð sjóðsins fyrir stjórn félagsins.

### 30. grein. Fræðslu- og styrktarsjóður

Fræðslu- og styrktarsjóður bætir launaskerðingu og kostnað sem félagsmenn, sem starfa samkvæmt kjarasamningum Starfsgreinasambands Íslands við Launaneftnd Sveitarfélaga og Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, verða fyrir er þeir sækja sér starfstengda fræðslu og menntun sem fræðslusjóðir þeirra, Sveitamennt og Ríkismennt greiða ekki. Sjóðurinn styrkir einnig til fræðslu og tólmstundanáms þá félagsmenn sem eru orðnir 67 ára eða eldri, hafa verið félagsmenn eigi skemur en 5 ár og lokið hafa starfsævi sinni hjá félaginu. Stjórn Fræðslu- og styrktarsjóðs getur lagt fram tillögur að breytingum á reglugerð sjóðsins fyrir stjórn félagsins.

### **31. grein. Vinnudeilusjóður**

Vinnudeilusjóður skal eingöngu nýttur taki VerkVest ákvörðun um aðgerðir í kjaradeilu svo sem verkföll. Vinnudeilusjóði er ætlað að styðja félagsmenn fjárhagslega, missi þeir laun vegna löglega boðaðrar vinnustöðvunar félagsins eða löglega boðaðs verkbanns atvinnurekenda sem gera kjarasamning við félagið. Stjórn Vinnudeilusjóðs getur lagt fram tillögur að breytingum áreglugerð sjóðsins fyrir stjórn félagsins.

### **32. grein. Ársreikningur**

Semja skal ársreikning fyrir félagið í heild og sjóði þess samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningssskilavenju. Sjá nánar um fjárhagsáætlun og eftirlit í 22. – 23. gr. starfs- og siðareglna félagsins og um ársreikning í 24. – 27. gr. .

### **33. grein. Skoðunarmenn reikninga og endurskoðandi**

Kjörnir skoðunarmenn félagsins skulu yfirfara reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár sem er almanaksárið, og gera athugasemdir við þá, telji þeir ástæður til.

Auk athugunar hinna kjörnu skoðunarmanna er stjórn félagsins skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga félagsins og **fjárreiður þess í lok hvers reikningsárs**. Aðalfundur velur félaginu löggiltan endurskoðanda að fengnum tillögum stjórnar. Endurskoðandi skal sjá til að með endurskoðuðum ársreikningi fylgi endurskoðunarskýrsla sem leggja á fyrir stjórn félagsins.

Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu jafnan liggja frammi á skrifstofum félagsins fyrir aðalfund, þannig að félagsmönnum gefist kostur á að kynna sér þá áður en reikningarnir eru lagðir fram á aðalfundi. Um skoðunarmenn reikninga er fjallað í 26. gr. starfs- og siðareglna félagsins.

## **8. KAFLI ÖNNUR ÁKVÆÐI**

### **34. grein. Breytingar á lögum þessum**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda sé þess getið í fundarboði að lagabreytingar séu á dagskrá. Ennfremur skulu breytingarnar áður hafa verið ræddar á almennum félagsfundum minnst viku fyrir aðalfund. Tillögu til lagabreytinga, sem einstakir félagsmenn vilja koma á framfæri, skal skila til félagsstjórnar eigi síðar en fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Breytingar á lögum taka því aðeins gildi, að þær séu samþykktar með 2/3 hlutum greiddra atkvæða og koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn ASÍ. og stjórnir sambanda sem félagið er aðili að hafa samþykkt þær.

### **35. grein. Félagsslit**

Komi fram tillaga um að slíta félaginu, verður það því aðeins gert, að ¾ hlutar allra félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Verði samþykkt að leggja félagið niður, skal Alþýðusamband Íslands varðveita eignir þess þar til annað verkalýðsfélag með sama tilgangi er stofnað á félagssvæðinu. Fær það félag þá umráð eignanna, að áskildu samþykki miðstjórnar ASÍ.

Sami háttur skal á hafður um varðveislu eigna félagsins ef starfsemi þess leggst niður án þess að formleg samþykkt þar um hafi verið gerð.

Um úrsögn úr ASÍ eða samtökum sem eiga aðild að ASÍ fer skv. lögum ASÍ eins og þau eru á hverjum tíma.

Lög Verkalýðsfélags Vestfirðinga voru lögð fram og samþykkt á aðalfundi félagsins þann 14. maí 2013 og gilda lögin frá þeim tíma.

*Breytingar á lögum Verkalýðsfélags Vestfirðinga voru lagðar fram og samþykktar á aðalfundi félagsins þann 8. maí 2023 og gilda frá þeim tíma.*

